

Samantekt: Áhrifamáttur refsinga: Skoðuð út frá ítrekunartíðni ungra karlmannna sem dæmdir eru í skilorðsbundna og óskilorðsbundna refsingu í fyrsta sinn
Nafn: Margrét Sæmundsdóttir
Sérsvið: Afbrotahagfræði
Dagsetning: Febrúar 2007

Útdráttur

Segja má að refsistefnan hér á landi snúist um að refsa en á sama tíma að endurhæfa með það að markmiði að fækka afbrotum í samfélaginu. Þessi stefna getur hins vegar falið í sér innri mótsögn vegna þess að það fer ekki alltaf saman að refsa og bæta, þ.e.a.s að gera þetta tvennt en gera ekki greinarmun á þessu tvennu. Í ritgerðinni er skoðað þetta tvískipta sjónarmið refsistefnunnar og reynt að draga fram muninn á refsingu og endurhæfingu. Enn fremur er stefnan skoðuð í ljósi þess hvað getur ýtt undir eða dregið úr hættu á ítrekunum og hvað skilar samfélaginu árangri. Gerð er athugun sem nær yfir alla karlmenn á aldrinum 25 ára og yngri sem voru dæmdir í fyrsta sinn í skilorðsbundna fangelsisrefsingu á tímabilinu 1993 til 2003 fyrir auðgunarbrot, ofbeldisbrot og fíkniefnabrot. Enn fremur alla karlmenn á sama aldri fyrir sömu brot sem voru dæmdir í óskilorðsbundna fangelsisrefsingu á sama tímabili og höfðu lokið afplánun fyrir 1. janúar 2004. Öllum var síðan fylgt eftir til loka júlí 2006 og ýmsir forspárþættir mældir fyrir líkum á ítrekunum brota. Helstu niðurstöðurnar eru að refsitegundirnar; skilorðsbundin og óskilorðsbundin fangelsisrefsing, draga hvorugar úr hættunni á ítrekunum. Litlu máli virðist skipta fyrir ítrekanir í hvaða fangelsi afplánun fór fram en greina má þó að minni fangelsiseining skili sér betur en hefur hins vegar lítil áhrif ef afplánunin varir í lengri tíma. Þeir sem fá aðlögun úti í samfélaginu í lengri tíma virðast ná meiri árangri og fremja síður aftur afbrot sem skilar sér jafnframt í lægri kostnað fyrir samfélagið. Þá kemur fram sú vísbending að ungir karlmenn virðast lítið sérhæfa sig í afbrotategundum en þeir sem eru dæmdir fyrir fleiri en eitt brot í fyrstu skilorðsbundinni fangelsisrefsingu eru líklegri til að halda áfram í afbrotum. Að sama skapi hefur aldurinn áhrif á ítrekunartíðni.